



Varðandi: Vinabæjarmót á Akranesi
Málsnúmer: 1603152
Dagsetning: 22. nóvember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að styrkja Norræna félagið á Akranesi um samtals kr. 2.000.000 vegna kostnaðar við vinabæjarmót sem fram fer á Akranesi árið 2017.

Bæjarráð samþykkir einnig að setja á laggirnar undirbúningshóp með fulltrúum Akraneskaupstaðar og Norræna félagsins. Bæjarstjóra er falið að vinna að stofnun hópsins í samráði við Norræna félagið og setja honum erindisbréf.

GREINARGERÐ: Norræna félagið á Akranesi hefur verið í samstarfi við fimm vinabæi í um það bil sextíu ár. Vinabæirnir eru Bamble í Noregi, Närpes í Finnlandi, Tønder í Danmöku og Våstervik í Svíþjóð. Á þriggja ára fresti eru haldin vinabæjarmót á víxl í vinabæjunum og röðin komin að Akranesi árið 2017.

Vinabæjarmótin eru haldin m.a. til að efla samstarf og samvinnu milli almennings í vinabæjunum annars vegar og bæjaryfirvalda hins vegar. Löndin eiga margt sameiginlegt og læra ýmislegt hvert af öðru.

Lagt er að Akraneskaupstaður veiti fjárhagslegan stuðning til mótsins með framlagi samtals 2 mkr. sem og setji á laggirnar undirbúningshóp og er bæjarstjóra falið að setja hópnum erindisbréf í samvinnu við Norræna félagið.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri